

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum norður af Rífsbanka.

1. gr.

Frá og með 27. september 2004 eru allar rækjuveiðar óheimilar norður af Rífsbanka, á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

1. 67° 20'00 N - 15° 00'00 V
2. 67° 15'00 N - 15° 00'00 V
3. 66° 58'00 N - 13° 45'00 V
4. 67° 10'00 N - 13° 45'00 V

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.